



Reykjavík, 14. október 2019
SFS2019100057
194. fundur
HG/sb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi nemendafjölda og biðlista skólahljómsveita

Á 172. fundi skóla- og frístundaráðs, 8. október 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um fjölda nemenda í skólahljómsveitum og hvort einhverjir nemendur séu á biðlista eftir að komast að í þeim.

Svar:

Virkir nemendur í október 2020 eru samkvæmt skráningu:

Deild	Flokkur	Undirflokkur	Námskeið	Ár	Tímabil	Skráningar
Skólahljómsveit	-	-	Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar	2020	Haust 2020	135
Skólahljómsveit	-	-	Skólahljómsveit Austurbæjar	2020	Haust 2020	124
Skólahljómsveit	-	-	Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	2020	Haust 2020	122
Skólahljómsveit	-	-	Skólahljómsveit Grafarvogs	2020	Haust 2020	119

Nemendur í 4. og 5. bekk ganga fyrir við inntöku í skólahljómsveitir. Nemendur í 3. bekk komast því sjaldan inn. Það er erfitt að byrja sem nýliði í skólahljómsveit eftir 5. bekk vegna aldursskiptingar í hljómsveitunum. Þetta er tekið fram til að skýra af hverju virðast laus pláss þrátt fyrir að það séu biðlistar. Við þetta bætist svo ástandið sem er tíundað hér fyrir neðan.

Um mánaðarmótin sept./okt. 2020 var staðan þessi:

Skólahljómsveit Vesturbæjar - 66 á biðlista

Skólahljómsveit Austurbæjar – 2 á biðlista

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts – 20 á biðlista

Skólahljómsveit Grafarvogs – 8 á biðlista

Alls eru 96 börn á biðlista eftir plássi í skólahljómsveit.

Skólahljómsveitir hafa allar 130 nemenda kvóta. Ekki er mögulegt að leyfa fjölda nemenda að sveiflast mikið og fjárhagslega erfitt ef þeir fara mikið yfir 130 nemendur þar sem fjármagnið miðast við þann fjölda. Á hausti hætta alltaf einhverjir nýir nemendur. Staðan núna, þar sem hópæfingar skólahljómsveita liggja niðri, gerir það að verkum að erfitt er að taka inn nýja nemendur. Alltaf þarf að finna nemenda á rétt hljóðfæri í réttum skóla til að hægt sé að fylla inn í hjá viðkomandi kennara.